

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Þróunarverkefni:

**Fjölmenningsvefur barna, 3 af 6 lönd til viðbótar á vefinn:
<http://fjolmenningarvefurbarana.net>**

Reykjavík 27. febrúar 2011
Anna Guðrún Júlíusdóttir

**Óskað er eftir að eftirfarandi þættir komi fram í lokaskýrslu vegna Sprotasjóðsverkefnis.
Vinsamlegast hafið textann stuttan og hnitmiðaðan.**

Nafn skóla: **Grunnskólar Seltjarnarness.**

Nafn verkefnisins: **Sex ný lönd á Fjölmenningarvef barna. Styrkurinn frá Sprotasjóði dekkaði gerð þriggja landa.**

Nafn verkefnisstjóra: **Anna Guðrún Júlíusdóttir.**

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Að bæta sex löndum inn á Fjölmenningarvef barna. Úganda, Ítalíu, Portúgal, Serbíu, Írak og Palestínu. Veittar eru fjölþættar upplýsingar um upprunalönd þeirra barna sem flust hafa með foreldrum sínum til Íslands. Fjallað er um staðhætti, menningu og mannlíf en sérstök áhersla er lögð á myndefni sem birtir líf barna í landinu. Með tilurð vefjarins eru nemendur hvattir til að halda tengslum við uppruna sinn og vera stoltir af honum. Vefurinn auðveldar nemendum að kynna landið sitt fyrir öðrum. Kennarar eru hvattir til að nota efnið á vefnum í landafræðikennslu til að auka fjölbreytni í námi og kennslu.

Sótt var um hlutastyrk til verkefnisins frá Sprotasjóði sem dekkaði gerð þriggja landa eða **Úganda, Ítalíu, Portúgal**: Afraksturinn má skoða á eftirfarandi vefsíðum:

http://fjoldemningarvefurbarna.net/1/Uganda/uganda_adalsida.htm

http://fjoldemningarvefurbarna.net/1/Portugal/portugal_adalsida.htm

http://fjoldemningarvefurbarna.net/1/Italia/italia_adalsida.htm

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Safnað hefur verið fjölda heimilda af veraldarvefnum samhliða vinnu við þau lönd sem fyrir eru á vefnum, heimildir eru merktar hverju landi sjá slóð:

<http://www.fjoldemningarvefurbarna.net/1/heimildalistir/heimildalisti.htm>

Upplýsingar um löndin eru öll unnin eftir sama ramma, sjá dæmi:

http://fjoldemningarvefurbarna.net/1/Uganda/uganda_adalsida.htm

Haldið var áfram að vinna eftir þessum ramma.

Nánari lýsing á hugsuninni á bak við rammann.

Vefurinn er litríkur og lifandi með tilliti til þess að hann er fyrir börn. Á forsíðu vefjarins til vinstri eru linkar á heimsálfurnar sex.

Þegar smelt er á heimsálfu birtist efnisyfirlit yfir þau lönd sem búið er að vinna og tilheyra viðkomandi heimsálfu. Þegar smelt er á ákveðið land er komið inn á aðalsíðu landsins.

Hvert land hefur aðalsíðu. Þar er framsetning texta einföld og stutt. Efst er fáni landsins og einnig landakort sem sýnir legu landsins miðað við önnur lönd og hægt er að smella á kortið til að fá stærri mynd. Textinn á aðalsíðu er Comic Sans 14 pt með tilliti til þess að börn eigi auðvelt með að lesa upplýsingarnar. Helstu staðreyndir eru settar fram og þær þarf að endurnýja reglulega hvað varðar mannfjölda og annað slíkt. Á aðalsíðunni eru fjöldi linka á vefsíður víða um heim sem tengist viðkomandi landi. Linkarnir eru alltaf bleikir með Comic Sans pt 12 og eru afmarkaðir með brúnni sól. Til dæmis við efnispáttinn Þjóðhátíðardagur og stjórnarfar þá er linkur á Þjóðsöng landsins. Við efnispáttinn tónlist er hægt að lesa um og hlusta á tónlist landsins af mismunandi vefsíðum á ensku eða tungumáli viðkomandi lands. Efnispáttirnir á síðunni eru 28 og eru eftirfarandi: sagan í hnotskurn - staðsetning og heiti - heimaslóðir nemenda - landsveffang - höfuðborgin – Þjóðhátíðardagur og stjórnarfar - sendiráð á Íslandi? - fjöldi íbúa - Þjóðflokkar - trú - tungumál - siðir og venjur - fjölmiðlar - tónlist og kvikmyndir – líf barna - skólar - íþróttir - matargerð -tíska - listir - veðurfréttir - landslagið - landnýting og auðlindir - dýralíf - ógnir náttúrunnar - atvinnulíf- peningar. Stuttur texti er um hvern efnispátt þó er oft meira skrifað við efnispáttinn siðir og venjur. Með efnispáttinum sagan í hnotskurn er sér síða þar sem sögunni er lýst í stuttu máli á íslensku. Þessi síða er unnin sérstaklega af höfundum. Með efnispáttunum staðsetning og heiti, heimaslóðir nemenda, höfuðborgin, líf barna, landslagið og dýralíf eru sér myndasíður fyrir hvern efnispátt sem unnar eru af höfundum. Valdar eru vel teknar, fallegar myndir sem lýsa landinu sjónrænt á einfaldan hátt, gjarna myndir sem lýsa sem flestum hliðum á lífi fólks í landinu. Ekki er lögð áhersla á að setja texta við myndina því þær eru valdar með tilliti til fegurðarsjónamiða. Ekki er verið að búa til vef fyrir ferðamenn eða lýsa þekktum eða eftirsóttum stöðum. Það er gífurlega mikil vinna að finna myndirnar þegar fyrrgreindir þættir eru hafðir í huga. Fjöldi mynda er algjörlega tilviljanakenndur. Til að gæta höfundaréttar er linkur fyrir neðan hverja einustu mynd sem sýnir hvaðan myndirnar koma og hver hefur tekið þær. Myndirnar eru unnar ef þarf í Microsoft Office Picture manager og ramar eru stundum settir utan um hverja mynd, oftast hvítir eða svartir.

Við efnisþáttinn matargerð er einnig sér síða þar sem við höfum valið tvær uppskriftir frá viðkomandi landi og þýtt yfir á íslensku. Þar fylgir einnig ein falleg mynd af mat. Auk þess eru á aðalsíðunni linkað á enska síðu með mataruppskriftum og einnig á síðu á tungumáli viðkomandi lands ef hún finnst.

Höfundar texta og mynda vinna efnið á word skjöl og finna til myndir með því að sýna linka/vefslóðir myndanna í word skjölunum. Vefhönnuður vinnur síðan efnið inn á Front Page vefhönnunarforrit.

Anna Guðrún Júlíusdóttir sér um hönnun og uppsetningu/framsetningu á vef og yfirlestur texta.

Aðalstarfsmaður verkefnisins var:

Auður Viðarsdóttir nemi í mannfræði við Háskóla Íslands.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlað var að ljúka verkefninu í ágúst. En því lauk í febrúar 2011.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Verkefnið er unnið utan vinnutíma í frítíma verkefnisstjóra og starfsmanna. Ýmsar aðstæður geta komið upp sem koma í veg fyrir að hægt sé að halda áætlun, sem er ástæða þess að erfitt er að halda verkáætlun. Markmið verkefnisstjóra er að vinna verkið vel þar sem gæði eru höfð að leiðarljósi en það kemur oft niður á vinnuáætlun.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Það er mjög mikilvægt fyrir skólasamfélagið, erlenda foreldra og börnin þeirra að til séu upplýsingar um menningarsvæði þeirra. Það ber vott um virðingu fyrir bakgrunni þeirra sem aftur veitir þeim sjálfstraust í nýju landi. Það er viðurkennt að bakgrunnur þeirra er ekki óskrifað blað og að þau hafi eitthvað fram að færa. Að upplýsingar um landið þeirra sé til á íslensku gerir þau stolt af bakgrunni sínum sem þau mega ekki gleyma. Jafnframt hef ég séð hvernig miðlun slíkra upplýsinga opnar nýjar gáttir fyrir íslenska nemendur og kennara sem gera sér grein fyrir mikilvægi þeirrar menningar sem nemendur bera með sér. Um leið öðlast útlendu börnin þöglu virðingu íslenskra samnemenda sinna. Ég veit að vefurinn er mikið notaður af ráðgjöfum í nýbúafræðslu, almennum kennurum og kennurum og nemendum á Menntasviði Háskóla Íslands.

Niðurstöður verkefnisins:

Vinnan að vefnum er mikilvæg fyrir nemendur til að viðhalda tengslum við gamla landið sitt, menninguna og tungumálið. Hún gerir þau líka stolt af bakgrunni sínum og hjálpar þeim að finnast þau hafa eitthvað mikilvægt fram að færa í nýja samfélaginu. Á þann hátt nýtist vefurinn öllum börnum á Íslandi sem koma frá þessum löndum, kennurum og áhugafólki um barnamenningu víða um heim.

Kennarar hafa tekið vefnum vel og sýnt honum mikinn áhuga sem leið til að kynna sér bakgrunn nemenda sinna. Íslenskir nemendur hafa notað vefinn til að læra landafræði á skemmtilegan hátt sem einskonar viðbót við þurran bókalestur. Skólar hafa notað vefinn í þemaverkefni ár eftir ár. Nemar í Kennaraháskóla Íslands nota vefinn mjög mikið í verkefnum sínum. Iðulega hringja kennarar og aðrir til að biðja um leyfi til að nota efni af vefnum.

Augljóst er að mikil þörf er fyrir slíkan vef og mjög æskilegt að fleiri lönd verði unnin á vefinn. Fengist hefur viðbótarstyrkur frá Vonarsjóði KÍ til að vinna tvö lönd til viðbótar á vefinn, en því verkefni lýkur í sumar.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Með birtingu verksins á <http://www.fjoldmenningarvefur.net> og kynningu á vefnum á Tungumálatorgi.is <http://tungumalatorg.is/isa/flokkur-2/fjoldmenningarvefur-barna/>

Rekstrarreikningur

Kostnaðaraáætlun stóðst en styrkurinn er nýttur til vinnulauna auk kostnaðar við netnotkun. Hlutfall launakostnaðar innan verkefnisins breyttist frá upphaflegri áætlun.

Launakostnaður.

Auður Viðarsdóttir

Anna Guðrún Júlíusdóttir

kr. 400.000 Gerð texta, þýðingar og val á myndum.

kr. 200.00 ritstjórn, hönnun, samræming og yfirllestur

Heimildir

Myndir eru fengnar víða að og vísað er til heimilda undir myndunum á myndasíðum Fjöldmenningarvefsins.

Anna Guðrún Júlíusdóttir 27. febrúar 2011
Fjölmenningsvefur barna.

**Texti er einnig unnin úr mörgum áttum. Allra heimilda er getið á sérsktakra
heimildasíðu sem unnin er jafn óðum:**

<http://www.fjolmenningarvefurbarna.net/1/heimildalistir/heimildalisti.htm>

Dagsetning:

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla